

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/2174****2016/EES/19/39****frá 24. nóvember 2015**

**um leiðbeinandi yfirlit yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi, snið gagnasendinga vegna evrópskra umhverfisreikninga og fyrirkomulag, uppbygging og tíðni gæðaskýrslna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska umhverfisreikninga <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. (5. mgr.), 6. gr. (2. mgr.) og 7. gr. (3. mgr.).*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Evrópsku umhverfisreikningarnir, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 691/2011, hafa efniseiningarhluta, einkum er eining fyrir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu í V. viðauka.
- 2) Framkvæmdastjórnin ætti að koma á leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi sem fellur undir V. viðauka fyrir 31. desember 2015.
- 3) Aðildarríki ættu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2011, að afhenda hagskýrslugögnin á rafrænu formi í samræmi við viðeigandi tæknilegt snið sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um. Framkvæðið að SDMX-sniði (e. *Statistical Data and Metadata Exchange*) hagskýrslu- og tæknistaðli fyrir skipti og samnýtingu gagna og lýsigagna var sett af stað af Alþjóðagreiðslubankanum, Seðlabanka Evrópu, framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Sameinuðu þjóðunum og Alþjóðabankanum. SDMX-snið leggur til hagskýrslu- og tæknistaðla fyrir skipti á opinberum hagskýrslum. Því ætti að innleiða tæknilegt snið í samræmi við þessa staðla. Veita ætti aðildarríkjunum leiðbeiningar um hvernig beita skuli sniðum þessum í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að koma á þessum viðmiðunarreglum í nánú samstarfi við aðildarríki innan evrópska hagskýrslukerfisins.
- 4) Að notast við einn staðal fyrir skipti á og sendingu gagna um hagskýrslur sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 691/2011 getur haft jákvæð áhrif á samþættingu viðskiptaferla á þessu hagskýrslusviði.
- 5) Aðildarríki ættu, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2011, að láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslu um gæði gagnanna sem er skilað.
- 6) Framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 691/2011, að samþykkja framkvæmdargerðir í því skyni að skilgreina tilhögun, uppbyggingu og tíðni gæðaskýrslanna.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Leiðbeinandi yfirlit yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi**

Leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi er komið á fót, eins og fram kemur í viðaukanum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2016 frá 18. mars 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1.

2. gr.

### Tæknilegt snið gagnasendinga

Aðildarríki skulu láta í té gögnin sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 691/2011 og nota til þess gagnaeyðublöð sem eru í samræmi við ákvæði SDMX-sniða. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal koma á framfæri ítarlegum upplýsingum varðandi þessi snið.

3. gr.

### Tilhögun, uppbygging og tíðni gæðaskýrslna

1. Aðildarríki skulu á hverju ári láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslur um gæði gagnanna sem er skilað samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 691/2011 með sömu skilafrestum og mælt er fyrir um 4. þætti I.–VI. viðauka þeirrar reglugerðar.
2. Gæðaskýrslurnar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um:
  - a) gæði heimildanna sem notaðar eru í gögnunum sem er skilað samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 691/2011,
  - b) breytingarnar sem gerðar eru á grundvallarhagskýrslum til að samræma niðurstöðurnar við hugtök og skilgreiningar reikninganna eða af öðrum aðferðafræðilegum ástæðum,
  - c) matsgerð og samantekt gagna sem koma ekki beint úr heimildum fyrir hagskýrslugerð,
  - d) brot í tímaröðum vegna breytinga á aðferðafræði eða gagnalindum og ráðstafanir sem eru gerðar til að tryggja að tímaráðir séu eins sambærilegar og hægt er.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Með viðauka þessum er komið á fót leiðbeinandi yfirliti yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi til að greiða fyrir samræmdri beitingu á V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 691/2011. Yfirlitið samanstendur af skrá yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi og skrá yfir atvinnustarfsemi.

Vörurnar, þjónustu- og atvinnustarfsemin skulu hafa landsbundið mikilvægi. Heimilt er að nota eftirfarandi þætti til að meta landsbundið mikilvægi:

- a) framleiðslu á vöru og þjónustustarfsemi og atvinnustarfsemi sem hefur hagrænt mikilvægi í landinu,
- b) gagnalindir til að meta vörur, þjónustu og atvinnustarfsemi sem eru fyrir hendi.

Leiðbeinandi yfirlitið er ekki tæmandi og það útilokar ekki aðrar vörur, þjónustu og atvinnustarfsemi sem hafa landsbundið mikilvægi.

**Umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi**

- Lífrænar landbúnaðarafurðir (plöntur og búfê) og lagareldisafurðir og stoðþjónusta.
- Eldviður; annar viður sem uppfyllir kröfur um sjálfbærni.
- Þjónusta tengd hreinsun á námasvæðum.
- Þjónusta tengd uppsöfnun á framræsluvatni, til að fyrirbyggja mengun grunnvatns.
- Rafmagnstæki og önnur óvélknúin flutningatæki, útblástursrör og hlutar þeirra (einnig agnasíur).
- Tæki, vél- og tækjabúnaður til greiningar á mengunarefnum og til síunar eða hreinsunar á gasi og vökva.
- Rotþrær, gataðar fötur og áþekkar vörur sem notaðar eru til að sía vatn við innstreymisop holræsa; dælur sem notaðar eru við hreinsun skólps, söfnunarökutæki og tæki til hreinsunar og söfnunar á fráveitum, virk kol til að sía vatn.
- Leiðslur og pípur fyrir skólphreinsistöðvar og til vatnsstjórnunar.
- Sekkir og pokar sem koma í stað plastpoka; tunnur, kassar, gámar og aðrir geymar til að geyma í og flytja úrgang; plötur, blokkir og áþekkar vörur úr jurtatrefjum, stráum eða öðrum úrgangi úr viði, bundið með bindiefnum úr steinaríkinu; brennsluofnar og vélar til sorpmeðhöndlunar (t.d. notaðar á urðunarstöðum).
- Blýgámar fyrir geislavirkan úrgang.
- Viðhalds- og viðgerðarþjónusta til að draga úr vatnstapi.
- Sérstakur búnaður til framleiðslu á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum: t.d. geymslukerfi fyrir lífgas, viðarkyntir katlar og önnur tæki, sólarrafhlöður, ljósrafhlöður, vökvahverflar og vatnshjól, vindhverflar.
- Lífeldsneyti.
- Viðarkol sem uppfylla kröfur um sjálfbærni.
- Vörur til varmaeinangrunar og hljóðeinangrunar, einkum í byggingum: t.d. korkvörur, gluggar með þremur einangrunarlögum, einangrandi efni í útveggi, þök og önnur byggingarefni, s.s. smíðaeefni úr glertrefjum, steinull, beðmi, fjölliðum, pólýúretani o.fl.
- Uppgerðar umbúðir úr viði.
- Sérstakur búnaður, gerður fyrir vörur sem eru tengdar umhverfisvernd og auðlindastjórnun: t.d. hitastillar til stýringar vegna upphitunar og kælingar, hitastillalokar, varmadælur, þéttikatlar, vatnshitara sem nýta sólarorku.

- Úrhleðslulampar sem lágþrýstilampar (t.d. sambyggðir flúorlampar) og heimilistæki sem eru með mikla orkunýtni.
- Endurrunnið gúmmí í frumgerðum eða í plötum, blöðum eða ræmu, lífrænum plastsekkjum og pokum.
- Vélbúnaður til endurvinnslu á málm.
- Viðhalds-, viðgerðar- og uppsetningarþjónusta fyrir umhverfistengdar vörur.
- Raforka, gas og varmi frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Afsaltað vatn og uppsafnað regnvatn; viðhald á stofnlögnum í vatnsveitu til að draga úr vatnstapi.
- Fráveitubjónusta: t.d. söfnun, flutningur og hreinsun á skólpi, rekstur, viðhald og hreinsun á fráveitukerfum.
- Söfnun, meðferð og förgun sorps á hættalausum og hættulegum úrgangi.
- Þjónusta tengd meðferð og förgun á kjarnorkuúrgangi.
- Endurvinnsluþjónusta; endurrunnið hráefni.
- Afmengunar- og hreinsunarþjónusta jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns.
- Afmengunar- og hreinsunarþjónusta lofts.
- Önnur afmengunarþjónusta og þjónusta tengd sérhæfðum mengunarvörnum.
- Byggingar með litla og hlutlausa orkunotkun og endurnýjun orku í byggingum sem þegar hafa verið reistar.
- Viðhald og viðgerðir á dreifikerfi vatnsþjónustu.
- Dælustöðvar fyrir meðhöndlun skólps og sorps og skólperfi.
- Orkuver fyrir endurnýjanlega orku, þ.m.t. uppsetningu á ljósspennuplötum.
- Vinna við hljóðeinangrun.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við byggingar með litla og hlutlausa orkunotkun og endurnýjun orku í byggingum sem þegar hafa verið reistar.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við verkefni um endurnýjanlega orku.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við vatns- og skólpsverkefni og verkefni tengd meðhöndlun úrgangs.
- Tæknileg skoðunarþjónusta á vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum varðandi losun út í andrúmsloftið.
- Þjónusta tengd rannsóknum og þróun vegna umhverfisverndar og auðlindastjórnunar.
- Þjónusta tengd umhverfisráðgjöf.
- Almenningsorp og sorphirða á götum.
- Stjórnsýsluþjónusta tengd umhverfisvernd og auðlindastjórnun.
- Þjálfunarþjónusta tengd rannsóknum og þróun vegna umhverfisverndar og auðlindastjórnunar.
- Þjónusta félagasamtaka á sviði umhverfismála.
- Þjónusta tengd rekstri náttúruverndarsvæða, þ.m.t. varðveisla náttúruverndarsvæða.

**Umhverfissvæn atvinnustarfsemi**

- Lífræn landbúnaðar- (plöntur og búfæ) og lagareldisstarfsemi og stoðþjónusta.
- Eldiviður; önnur viðarframleiðsla sem uppfyllir kröfur um sjálfbærni.
- Hreinsun á námasvæðum.
- Uppsöfnun á framræsluvatni til að fyrirbyggja mengun grunnvatns.
- Framleiðsla á rafmagnstækjum og öðrum óvélknúnum flutningatækjum, útblástursrör og hlutar þeirra (einnig agnasiur).
- Framleiðsla á tækjum, vél- og tækjabúnaði til greiningar á mengunarefnum og til síunar eða hreinsunar á gasi og vökva.
- Framleiðsla á rotþróum, götuðum fötum og áþekktum vörum sem notaðar eru til að sía vatn við innstreymisop holræsa; dælum sem notaðar eru við hreinsun skólps, söfnunarökutækjum og tækjum til hreinsunar og söfnunar á fráveitum, virkum kolum til að sía vatn.
- Framleiðsla á leiðslum og pípum fyrir skólphreinsistöðvar og til vatnsstjórnunar.
- Framleiðsla á sekkjum og pokum sem koma í stað plastpoka; tunnum, kössum, gámum og öðrum geymum til að geyma í og flytja úrgang; plötum, blokkum og áþekktum vörum úr jurttrefjum, stráum eða öðrum úrgangi úr viði, bundið með bindiefnum úr steinaríkinu; brennsluofnum og vélum til sörpmeðhöndlunar (t.d. notað á urðunarstöðum).
- Framleiðsla á blýgámum fyrir geislavirkan úrgang.
- Viðhalds- og viðgerðarstarfsemi til að draga úr vatnstapi.
- Framleiðsla á sérstökum búnaði til orkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum: t.d. geymslukurfum fyrir lífgas, viðarkyntum kötlum og öðrum tækjum, sólarrafhlöðum, ljósrafhlöðum, vökvahverflum og vatnshjólum, vindhverflum.
- Framleiðsla á lífelfsneyti.
- Framleiðsla á viðarkolum sem uppfylla kröfur um sjálfbærni.
- Framleiðsla á vörum til varmaeinangrunar og hljóðeinangrunar, einkum í byggingum: t.d. korkvörum, gluggum með þremur einangrunarlögum, einangrandi efnum í útveggi, þökum og öðru byggingarefni, s.s. smíðaeftum úr glertrefjum, steinull, beðmi, fjölliðum, pólýúretani o.fl.
- Endurbætur á umbúðum úr viði.
- Framleiðsla á sérstökum búnaði sem er gerður fyrir vörur sem eru tengdar umhverfisvernd og auðlindastjórnun: t.d. hitastillum til stýringar vegna upphitunar og kælingar, hitastillalokum, varmadælum, þéttikötllum, vatnshiturum sem nýta sólarorku.
- Framleiðsla á hleðslulömpum sem lágþrýstilömpum (t.d. sambyggðum flúorlömpum) og heimilistækjum sem eru með mikla orkunýtni.
- Framleiðsla á endurunnu gúmmíi í frumgerðum eða í plötum, blöðum eða ræmu, lífrænum plastsekkjum og pokum.
- Framleiðsla á vélbúnaði til endurvinnslu á málm.
- Viðhalds-, viðgerðar- og uppsetningaþjónusta fyrir umhverfistengdar vörur.
- Framleiðsla á raforku, gasi og varma frá endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Afsöltun vatns og söfnun á regnvatni; viðhald á stofnlögnum í vatnsveitu til að draga úr vatnstapi.

- Framboð af starfsemi fráveituþjónustu: t.d. söfnun, flutningur og hreinsun á skólpi, rekstur, viðhald og hreinsun á fráveitukerfum.
- Framboð af söfnun, meðferð og förgun sorps á hættalausum og hættulegum úrgangi.
- Framboð af þjónustu tengdri meðferð og förgun á kjarnorkuúrgangi.
- Framboð af endurvinnsluþjónustu; framleiðslu á endurunnum hráefnum.
- Framboð af afmengunar- og hreinsunarþjónustu jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns.
- Framboð af afmengunar- og hreinsunarþjónustu lofts.
- Framboð af annari afmengunarþjónustu og þjónustu tengdri sérhæfðum mengunarvörnum.
- Smíði bygginga með litla og hlutlausu orkunotkun og endurnýjun orku í byggingum sem þegar hafa verið reistar.
- Viðhald og viðgerðir á dreifikerfi vatns.
- Byggingarframkvæmdir við dælustöðvar fyrir meðhöndlun skólps og sorps og skólperfi.
- Byggingarframkvæmdir á orkuverum fyrir endurnýjanlega orku, þ.m.t. uppsetning á ljósspennuplötum.
- Vinna við hljóðeinangrun.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við byggingar með litla og hlutlausu orkunotkun og endurnýjun orku í byggingum sem þegar hafa verið reistar.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við verkefni um endurnýjanlega orku.
- Verkfræðiþjónusta og þjónusta arkitekta í tengslum við vatns- og skólpsverkefni og verkefni tengd meðhöndlun úrgangs.
- Tæknileg skoðunarþjónusta á vélknúnum ökutækjum til flutninga á vegum varðandi losun út í andrúmsloftið.
- Þjónusta tengd rannsóknunum og þróun vegna umhverfisverndar og auðlindastjórnunar.
- Þjónusta tengd umhverfisráðgjöf.
- Almenningsorp og sorphirða á götum.
- Stjórnsýsluþjónusta tengd umhverfisvernd og auðlindastjórnun.
- Þjálfunarþjónusta tengd rannsóknunum og þróun vegna umhverfisverndar og auðlindastjórnunar.
- Þjónusta félagasamtaka á sviði umhverfismála.
- Þjónusta tengd rekstri náttúruverndarsvæða, þ.m.t. varðveisla náttúruverndarsvæða.